



Tjaldsvæði - Flateyri

Forsvarsmenn Litlabýlis Guesthouse á Flateyri óska eftir að taka á leigu tjaldsvæði í eigu Ísafjarðarbæjar á Flateyri. Ísafjarðarbær hefur ekki verið með rekstur á umræddu tjaldsvæði síðastliðin ár, þ.e. ekki hefur verið innheimt gjald fyrir gistingu á tjaldsvæðinu en salernum hefur verið haldið opnum og flatir slegnar. Tjaldsvæðið er um 4700m² að stærð og á því stendur 5,8m² þjónustuhús byggt árið 1999 fastanúmer 224-3940 (sjá mynd).



Ísafjarðarbær mun við undirritun leigusamnings skila svæðinu til leigutaka í ásættanlegu ásigkomulagi þ.e. salerni verða hrein og tilbúin til notkunar, flatir slegnar og trjágróður klipptur. Eftir undirritun samnings mun Litlabýli Guesthouse halda við salernum á svæðinu og kosta alla þá vinnu og innkaup á hreinlætisvörum sem við á. Salernin verða opin fyrir alla ferðamenn ekki einungis þá sem gista á tjaldsvæðinu. Litlabýli Guesthouse mun einnig sjá til þess að tjaldsvæðið sjálft sé vel hirt þ.e. flatir slegnar og trjágróður snyrtur. Í lok leigutíma mun leigutaki skila svæðinu í sama ásigkomulagi og það var við upphaf leigutíma.

Undirritaður leggur til að samið verði við Litlabýli Guesthouse um leigu á tjaldsvæðinu á Flateyri til eins árs. Leigutaka verður heimilt að innheimta gjald fyrir gistingu á svæðinu. Leigufjárhæð verður í samræmi við kostnað leigutaka við umhirðu á tjaldsvæðinu.



Brynjar Þór Jónasson,
Sviðsstjóri

sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Hjálagt: Tölvupóstur frá forsvarsmönnum Litlabýlis Guesthouse.

Brynjar Þór Jónasson

From: litlabyli@simnet.is
Sent: 24 May, 2016 12:15
To: Brynjar Þór Jónasson
Subject: Tjaldsvæði Flateyri

Sæll Brynjar

Fyrir hönd Litlabyli Guesthouse óskum við eftir að sjá um tjaldsvæðið á Flateyri sumarið 2016. Óskað er eftir að leiga verið greidd annhvort sem umsjá og þrif á salerni við tjaldsvæðið þar sem farþegarútur hafa þá að eða einhver minniháttar greiðsla. Við myndum þá sjá um að rukka greiðslur fyrir tjaldsvæðið og annast umhirðu á grasi og nánasta umhverfi sem félli þá inní rekstur Litlabýlis.

Fyrir hönd Litlabylis

Kristín Pétursdóttir og Ívar Kristjánsson